

AUGLÝSING

um staðfesting forseta Íslands á breytingu á reglugerð fyrir Háskóla Íslands, nr. 76/1958, með áorðnum breytingum.

Forseti Íslands féllst hinn 21. janúar 1976 á tillögu menntamálaráðherra um að staðfesta eftirfarandi breyting á reglugerð nr. 76/1958 fyrir Háskóla Íslands, með áorðnum breytingum.

1. gr.

51. gr. b., 4. tölul., 1. málsg. breytist þannig, að á eftir orðinu „sænska“ bætist við orðið: uppeldisfræði.

2. gr.

55. gr. a. orðist svo:

Próf í uppeldis- og kennslufræðum.

Próf í uppeldis- og kennslufræðum til kennsluréttinda tekur til námsefnis í uppeldisfræði, uppeldislegrri sálarfræði, kennslufræði og kennslu og skal námsskrá ákveðin með tilliti til sérþarfa kennslu- og uppeldisstarfa.

Nám þetta skal alls svara til tveggja stiga (30 námseininga). Þó er heimilt að veita stúdentum, sem hafa numið viðeigandi prófþætti og/eða aflað sér verulegrar reynslu af kennslustörfum, undanþágu frá tilteknum þáttum allt að einu stigi (15 námseiningum). Stúdent skal sækja um slíka undanþágu skriflega. Deildarráð ákveður að fenginni umsögn prófessors í uppeldisfræðum hver undanþága skuli veitt.

Próffyrirkomulag í öðrum prófþáttum en kennslu lýtur reglum 53. gr. I.

Kennslupróf eru tvö, að jafnaði í tveimur kennslugreinum. Telst hvort kennslupróf vera sérstakur prófþáttur, sbr. 53. gr. I, og vega þættirnir jafnt til einkunnar. Stúdent er ekki heimilt að taka þátt í kennsluæfingum né ljúka kennsluprófi fyrir en hann hefur lokið tveimur prófstigum (30 einingum) í kennslugreininni.

Háskólinn lætur í té prófvottorð undirritað af prófessor í uppeldisfræðum.

Heimilt er að hafa samvinnu við Kennaraháskóla Íslands um þetta nám og semja um að hann annist tiltekna þætti þess.

3. gr.

Reglugerðarbreyting þessi öðlast þegar gildi.

Í menntamálaráðuneytinu, 22. janúar 1976.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Birgir Thorlacius.